

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum

Lagt er til að skóla- og frístundasvið hvetji skólastjórnendur og kennara í grunnskólum til að halda áfram að efla kennslu í fjármálalæsi á öllum stigum grunnskóla og nýta öll þau tækifæri sem gefast í skólastarfinu til að sinna þessum mikilvæga þætti til að búa nemendur undir líf og starf. Þá er lagt til að skóla- og frístundasvið óski eftir því við mennta- og barnamálaráðuneytið og Menntamálastofnun að gefið verði út sérstakt námsefni og kennsluleiðbeiningar fyrir miðstig og unglingastig grunnskóla um fjármálalæsi sem grunnskólar í Reykjavík muni nýta.